Eggert Guðmundsson sýnir að Kjarvalsstöðum

UM þessar mundir stendur yfir sýning á verkum Eggerts Guðmundssonar, listmálara, að Kjarvalsstöðum.

Á *sýningunni eru yfir 100* myndir, og sækir listamaðurinn sér efnisvið á hin ólíkustu svið, svo sem til athafnalífs þjóðarinnar, bókmennta og íslenzkrar náttúru. Eitt virðast þau listaverk, sem þarna eru sýnd, þó eiga sammerkt, en það er hversu þjóðleg þau eru, enda til sýningarinnar efnt í tilefni þjóðhátíðarinnar, að því er listamaðurinn tjáði blaðamanni Mbl.

Í sýningarskránni er að finna þátt, er nefnist „Þankar listamanns", þar sem Eggert setur fram skoðanir sínar um listina sjálfa og málefni listamanna. Segir þar m.a.:

„Áhrif listaverks verða af fáum greind eða skilin, því að þau eru dulræn. Hin ýmsu form liststefnunnar geta á engan hátt ráðið um tilkomu eða sköpun listaverks, það er á ábyrgð listamannsins að velja verki sínu tjáningarform"

Ennfremur:

Þeir listamenn, sem gerast þrælar einhverra sérstakra stefna, eru oftast nær þröngsýnir ofsatrúarmenn. Listamönnum ber að tjá sig frjálst og óháðir öllum stefnum. Það er listamannanna að skapa sínar eigin stefnur, en ekki stefnanna að skapa listamennina."

Sýningin var opnuð 11. maí.

Aðsókn hefur verið góð, og hafa þegar selzt um 20 myndir.

Sýningin stendur til 26. maí, eða „þar til síðasta atkvæðið fellur í kjörkassann", eins og listamaðurinn orðaði það.



Sjóferðarbæn

Háskólamenn fengu 20% hækkun miðað við 1. des.

Í GÆRKVÖLDI var fyrirsjánlegt, að sérkröfur nokkurra aðildarfélaga Bandalags háskólamanna á hendur ríkinu færu í Kjaradóm. Vitað var með vissu um Kjarafélag Verkfræðingafélag Íslands, en óvíst um önnur aðildarfélög. Nokkur félög sömdu áður en frestur til samninga rann út á miðnætti sl. nótt. Þau félög, sem sömdu, náðu að meðaltali hækkun um þrjá flokka. Bein kauphækkun miðað við 1. desember sl. telst vera um 20%.

Að sögn dr. Jónasar Bjarnasonar formanns Launamálaráðs BHM tókust sættir fyrir Kjaradómi í fyrradag um endurskoðun á aðalsamningi, en Kjaradómur fékk aðalsamninginn til meðferðar 21. apríl sl. Var sætzt á að fjölga flokkum úr 28 í 30. Að þessari niðurstöðu fenginni sömdu fimm félög um sérkröfur sínar strax í fyrradag, og búizt var við því, að nokkur félög gengju frá samningum í gærkvöldi. Félögin, sem sömdu í fyrradag, voru Félag háskólamenntaðra kennara, Félag háskólakennara, Dýralæknafélag Íslands, Prestafélag Íslands og Félag íslenzkra fræða. Samningar um sérkröfur margra félaga voru í fullum gangi í gær, en aðildarfélög BHM eru 14 talsins.

Aðildarfélögum BHM þótti skali aðalsamningsins of þröngur til að semja sig inn í hann, og komst því ekki skriður á sérkröfusamningana fyrr en sættir tókust fyrir Kjaradómi um að bæta tveimur flokkum ofan á skalann. Sem fyrr segir varð hækkun að meðaltali um þrjá flokka, og auk þess náðu mörg félaganna mjög gagnlegum sérákvæðum, að sögn dr. Jónasar Bjarnasonar. Hækkun miðað við 1. desember sl., þegar samningaskriðan fór af stað, telst vera um 20%. Er þá talin með hækkun, sem Kjaradómur skammtaði háskólamönnum 15. febrúar sl., en ekki vísitöluhækkanir.

Vestmannaeyingar

FRAMBJÓÐENDUR Sjálfstæðisflokksins í Vestmannaeyjum við bæjarstjórnarkosningarnar boða til fundar með Vestmannaeyingum er dvelja á Reykjavíkursvæðinu og nágrenni í Átthagasal Hótel Sögu laugardaginn 18. maí kl. 2—6 e.h. (Kaffiveitingar).

Kynnt verður bæjarmálastefna Sjálfstæðisflokksins og frambjóðendur verða þar til viðtals.

Sjálfstæðisfélögin í Eyjum.

9 milljóna króna styrkur S.Þ. til rannsókna á íslenzkum ám og vötnum

ÍSLENZKU Veiðimálastofnuninni hefur verið veittur stór styrkur frá Sameinuðu þjóðunum, til ýmissa tækjakaupa og til að standa straum af kostnaði vað umfangsmiklar rannsóknir á ám og vötnum hér á landi. Nemur styrkurinn alls um 9 milljónum kr.

Hér á landi er nú staddur sérfræðingur frá Sameinuðu þjóðunum, dr. Peter Bergman, til að kynna starfsmönnum Veiðimálastofnunarinnar og Laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði, meðferð nýs og fullkomins tækis til að nota við merkingu laxaseiða. Tæki þetta kostar um 1 milljón ísl. króna og gerir það að verkum að hægt er að komast yfir að merkja miklu fleiri laxa, á skaðlausan hátt, en hingað til. Með þessum auknu merkingum kemur betur í ljós hverjar raunverulegar heimtur eru af þeim seiðum, sem sleppt er í sjó.

Þá fær stofnunin einnig sérstakt dýptarmælistæki, til að mæla silungsmagn í vötnum. Ýmsir sérfræðingar S.Þ. munu á næstu 2—3 árum vinna að þessum rannsóknum með íslenzku fiskifræðingunum.

Tveir seldu í Danmörku

TVÖ íslenzk síldveiðiskip seldu síld í Hirtshals og Skagen í gær. Skipin, sem seldu, voru aflaskipin Guðmundur RE 29 og Börkur NK 122.

Guðmundur seldi 1102 kassa í Hirtshals fyrir 1.4 millj. kr. ísl. Meðalverðið var kr. 33.20. Börkur seldi hins vegar 689 kassa í Skagen fyrir 870 þús. kr. Meðalverðið var kr. 32.40.

Stálvík fær fyrirgreiðslu

NÝLEGA samþykkti ríkisstjórnin að tryggja skipasmíðastöðinni Stálvík í Garðahreppi fjármagnsfyrirgreiðslu til þess að geta haldið áfram raðsmíði skuttogara, þótt ekki væri búið að tryggja kaupanda fyrirfram.

Þetta kom fram í ræðu Magnúsar Kjartanssonar á ársþingi Félags íslenzkra iðnrekenda.

Pétur Östlund valinn í norræna jazzhljómsveit

Í BYRJUN maí sl. var haldinn í Kaupmannahöfn fundur á vegum Nomus, Norrænu samstarfsnefndarinnar um tónlistarmál. Þar var rætt um norrænt samstarf í jazztónlist. Jón Múli Árnason sat fundinn af Íslands hálfu.

Eitt af málum fundarins var að velja norræna jazzhljómsveit. Jón Múli tilnefndi þrjá íslenzka hljóðfæraleikara, Árna Egilsson kontrabassaleikara, Halldór Pálsson flautu- og saxofónleikara og Pétur Östlund trommuleikara. Var Pétur einróma valinn í hljómsveitina. Hljómsveit þessi mun koma fram víða, og einnig er fyrirhugað frekara samstarf Norðurlandanna á sviði jazztónlistar.

Kvaðst vera guðfræðinemi og svipti sig klæðum

KONA í Austurbænum hafði samband við blaðið á miðvikudaginn og kvaðst vilja vekja athygli á manni, 35—40 ára, sem þar sé á ferðinni, villi á sér heimildir og hafi í frammi alls konar kynferðislega tilburði.

Sagði konan, að maður þessi hefði nú þrívegis hringt dyrasímanum hjá sér að undanförnu og hafi honum í fyrsta skiptið tekizt að komast inn í íbúðina á þeim forsendum, að hann vildi ræða við hana um dulræn fyrirbrigði enda væri hann nemandi við guðfræðideild háskólans. Er inn í íbúð konunnar kom brá svo við, að hann var ekki lengur guðfræðinemi heldur kvaðst hann vera í teikniskóla og bað hann konuna um að vera módel fyrir sig. Þyrfti hún ekki annað að gera en að klæða sig úr fötunum svo að hann gæti teiknað hana nakta. Í þetta skipti tókst konunni að koma manninum út úr íbúðinni m.a. með því að segja honum, að koma aftur á ákveðnum degi. Á tilskildum degi lét hann hins vegar ekki sjá sig, en þá hafði konan gert sjá sig, en þá hafði konan gert ráðstafanir til að tengdasonur hennar væri þar heima. Maðurinn hringdi svo dyrabjöllunni tveimur dögum síðar, en þá sagðist konan hafa sagt honum að hafa sig á brott hið bráðasta ella myndi hún leita aðstoðar lögreglunnar. Þriðja heimsókn mannsins til konunnar átti sér stað þriðjudaginn 14. maí sl. Lét konan þess getið, að síðan þetta byrjaði hefði hún verið í stöðugum ótta við mann þennan, sem hún sagði, að væri hár og grannur með gleraugu. Í heimsóknum sínum var maðurinn ávallt með skjalatösku undir hendinni.

Að lokum sagðist konan hafa áreiðanlegar fregnir af því, að maður, sennilega sá sami, hefði þriðjudaginn 14. þ.m. barið upp hjá konu þar í grenndinni, sem býr ein í íbúð. Kvaðst hann vera gamall vinur hennar og er konan hafði opnað útidyrnar fletti maðurinn sig sjálfan klæðum. Konan, sem hringdi, kvaðst hafa haft samband við lögregluna vegna þessa leiðindamáls og hafi sér virzt sem lögreglan væri ekki óvön slíkum ábendingum en einhverra hluta vegna væri lítið hægt að gera í málum sem þessum. Konan taldi hins vegar nauðsynlegt að vekja athygli almennings á þessum manni öðrum til viðvörunar.

Er Mbl. hafði samband við lögregluna kannaðist hún þegar við mál af þessu tagi, sem skotið hafa upp kollinum að undanförnu. Hvernig á þessum málum er tekið fer eftir eðli þeirra en svona mál geta oft reynzt erfið viðfangs. Oft á tíðum hefðu slíkir menn aðeins í frammi tilburði en stigu sjaldnast skrefið til fulls. Lögreglan kvaðst þó að sjálfsögðu reyna að fylgjast með slíkum mönnum og reyna að nálgast þá og færi þá málið hina venjulegu leið til dómstóla.

Léleg vetrarvertíð Hornfirðinga

Hornafirði, 15.5.

Lélegri vetrarvertíð hjá Hornafjarðarbátum er lokið. Alls voru gerðir út 10 bátar, þar af voru 4 á loðnuvertíð og er það 2 bátum færra en í fyrra. Heildaraflinn var 3.306 lestir, 1.923 lestum minni en í fyrra. Alls voru farnar 415 sjóferðir, en 710 í fyrra, meðalafli í sjóferð er nú 7,9 lestir, en var í fyrra 7,3 lestir. Aflinn var langsóttari í ár, því að oftast var um 2 lagnir að ræða í sjóferð. 3 aflahæstu bátarnir eru Hvanney, 560 lestir í 62 sjóferðum, skipstjóri Einar Björn Einarsson, Sigurður Ólafsson, 390 lestir og Eskey með 377 lestir.

Lionsklúbbur Hornafjarðar heldur sína árlegu árshátíð með aldraða fólkinu í sýslunni fimmtudaginn 23. maí. uppstigningardag. Til fagnaðar þessa er öllu öldruðu fólki í sýslunni boðið að venju.

Gunnar.

D en ekki G

Í AUGLÝSINGU í blaðinu í gær um listabókstafi Sjálfstæðisflokksins við bæjar- og sveitarstjórnakosningarnar 26. maí nk. misritaðist listabókstafurinn í Blönduóshreppi, en hann verður D, en ekki G eins og í auglýsingunni stóð.

Framboðsfundur í Kópavogi

ALMENNUR framboðsfundur verður haldinn í Víghólaskóla í Kópavogi í dag, fimmtudag, kl. 20.30. Fulltrúar allra framboðslista munu tala á fundinum. Umferðir verða þrjár. Af hálfu Sjálfstæðisflokksins tala Stefnir Helgason, Helgi Hallvarðsson, Axel Jónsson og Sigurður Helgason.